

Ed.

311. Nefndarálit

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði fellt, en við undirritaðir viljum láta samþykkja það óbreytt og færum einkum fyrir því eftirtalдар ástæður:

Úti fyrir suðausturströnd landsins eru mjög auðug fiskimið, sem ekki notast eins og efni standa til vegna slæmra hafnar- og viðleguskilyrða. Höfn í Hornafirði er eina sjávarþorpið, sem til greina kemur sem verstöð fyrir fiskibáta, er á þessi mið sækja. Með þeirri stækkun, sem á síðari árum hefur orðið á fiskibátum landsmanna, eru hafnarmannvirki í Hornafirði orðin gersamlega ófullnægjandi fyrir þá báta, sem annars mundu vilja hafa þar viðlegu á vertíð. Leiðir þetta til þess, að sjósókn þaðan mun fara minnkandi, nema byggð verði þar góð fiskihöfn hið bráðasta. Nú er hins vegar sýnilegt, að hinu fámenna hreppsfélagi, sem þarna á hlut að máli, er ofvaxið fjárhagslega að byggja þau hafnarmannvirki, sem þarna þarf að gera og áætlanir liggja fyrir um, þó að til kæmi sú aðstoð, sem ríkið veitir samkv. hinum almennu hafnarlögum. Enda er það líka svo, að hafnargerð þarna er ekki einkamál staðarins, heldur hefur miklu almennari þýðingu, þar sem Hornafjörður hefur verið vertíðarverstöð fyrir allt Austurland og mun verða svo áfram, ef hinir stækkandi fiskibátar fá þar viðhlítandi viðleguskilyrði.

Með tilliti til þessara sérstæðna virðist sanngjarnt og nauðsynlegt, að ríkið láti gera hafnarmannvirki, enda hefur vitamálastjóri fallizt á þá skoðun og mælir með samþykkt frv. Sömuleiðis hafa borizt mjög eindregnar óskir um þessa lausn málsins frá hreppsnefndinni í Höfn í Hornafirði og sömuleiðis frá útvegsmönnum og sjómönnum á Austurlandi, sem stundað hafa fiskveiðar frá þessari verstöð.

Bréf vitamálastjóra um þetta efni er birt sem fylgiskjal með álitum meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 6. febrúar 1948.

Steingr. Aðalsteinsson, B. Kristjánsson.
frsm.